



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg: Félag löggiltra endurskoðenda
Áb: Anna Kristín Traustadóttir
Formaður Ritnefndar FLE
September 2000.
23. árgangur 2. tölublað.

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

Skattlagning á kauprétti hlutabréfa.....	1
Fólk í fyrirrúmi.....	3
Hádegisverðarfundir	6
Viðurkenning til Kolbeins Jóhannessonar fyrir 50 ára löggildingarafmæli	7
Áhugavert innlent lesefni og vefsíður..	8
Til sölu á skrifstofu FLE	8
Ráðstefnur erlendis	8
Af stjórnborði.....	9
Endumenntunarfundun HÍ	10
Áhugavert erlent lesefni og vefsíður .	11
Áhugaverðir úrskurðir	12
Áhugaverðir úrskurðir	12
Stutt námskeið og endurmenntunarnámskeið	12
Bindandi álit.....	13
International Accounting Standards 2000.....	13
Fráteknar dagsetningar.....	13
Til hamingju með afmælið.....	14
Nýir félagar árið 2000	15

Skattlagning á kauprétti h hlutabréfa



Vala Valtýsdóttir
hdl.
KPMG/Ernst & Young

1 Inngangur

Það er tiltölulega stutt síðan að byrjað var að gera svokallaða kaupréttarsamninga við starfsmenn fyrirtækja hér á landi. Undanfarin misseri hefur færst í aukana að íslensk fyrirtæki semji við starfsmenn sína um að hluti launa þeirra verði greiddur með kauprétti á hlutabréfum í því hlutafélagi sem þeir starfa hjá.

Segja má að umræðan um skattalega meðferð á kauprétti hlutabréfa hefjist fyrir alvöru þegar ríkisbankarnir gáfu starfsmönnum sínum kost á að kaupa hlutabréf í bönkunum á lægra gengi en almenningi stóð til boða.

Í framhaldi af þessu var lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, breytt á þann veg að nú er möguleiki að tekjur vegna kaupréttar séu skattlagðar sem fjármagnstekjur (10% skattur) en ekki launatekjur (38,37% skattur).

2 Skattlagning kaupréttar eftir gildistöku laga nr. 86/2000

Þann 22. maí sl. voru samþykktar breytingar á

lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lög nr. 86/2000. Lögin öðluðust þegar gildi (þ.e. við birtingu dags. 2. júní) og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000.

Kaupréttur er réttur starfsmanns til að kaupa hluti í því félagi sem hann vinnur hjá að tilteknu hámarki á tilteknu verði og á tilteknu tímabili. Hér er því um að ræða rétt starfsmanns en skyldu viðkomandi félags.

2.1 Skattstofn vegna valréttar /kaupréttar (stock option)

Skattstofninn er þannig ákveðinn: Mismunurinn á upphaflegu kaupverði bréfanna samkvæmt kaupréttarsamningnum annars vegar og söluverði þeirra hins vegar.

2.2 Skattlagt sem fjármagnstekjur að uppfylltum vissum skilyrðum

Eftirfarandi skilyrðum verður að vera fullnægt ef skattleggja skal tekjur vegna kaupréttar sem fjármagnstekjur, sbr. 8. gr. B. laga nr. 75/1981:

a. Kaupréttur þarf að ná til allra starfsmanna.

Þetta þýðir að allir starfsmenn verða að hafa tækifæri á að nýta sér kauprétt að einhverju leyti. Þó að kauprétturinn verði að ná til allra starfsmanna þarf hann ekki að vera sá sami gagnvart öllum. Stjórnir félaga geta því verið

framhald á bls. 2



með marga flokka kaupréttar, t.d. 100.000 kr., 200.000 kr. og 600.000 kr. þannig að einn flokkur gæti verið fyrir stjórnendur annar fyrir þá sem eru með langan starfsaldur eða allt eftir því hvað stjórn viðkomandi félags vill.

b. Starfsmaður verður að vera í föstu starfi hjá félaginu

Þetta þýðir að ekki má veita t.d. mönnum sem sitja í stjórn hlutafélagsins slíkan kauprétt eða „verktökum“ en hins vegar má veita starfsmönnum annarra félaga í sömu félagasamstæðu þennan rétt. Enn fremur skal tekið fram að kaupréttarreglurnar ná jafnt til hlutafélaga sem einkahlutafélaga.

c. A.m.k. 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.

Starfsmaður þarf því að lágmarki að vera í eitt ár starfandi hjá viðkomandi félagi áður en hann getur nýtt sér kaupréttinn. Kaupréttarsamningur telst kominn á þegar fyrir liggja bæði skuldbinding félagsins um kauprétt starfsmanna og staðfesting viðkomandi starfsmanns á samningnum.

d. Kaupverð sé eigi lægra en gang verð þegar samningur er gerður.

Samningurinn getur því ekki verið um kauprétt á lægra gengi en almennt gangverð ætli starfsmaður að nýta sér sérregluna. Ef hlutabréf í félagi eru ekki skráð í kauphöll skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags. Kaupverð má samkvæmt þessu svo dæmi sé tekið ekki vera lægra en vegið meðalviðskiptaverð á markaði á samningsdegi eða lægsta sölutilboð á þeim degi eða síðasta skráð sölutilboð ef ekki hafa orðið viðskipti á umræddum degi.

e. Eignarhald hlutabréfa a.m.k. í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.

f. Samningur ekki framseljanlegur.

Veðsetning hlýtur því að vera ólögæt.

g. Hámark kaupréttar hvers starfsmanns 600.000 kr. á ári

Sé starfsmanni veittur kaupréttur yfir þessu hámarki þá verða þær tekjur skattlagðar eins og almennt er, þ.e. í 38,37% skatti eða 43,37% ef um hátekjuskatt er að ræða.

h. Tilkynningar og upplýsingarskylda til ríkisskattstjóra varðandi áætlun um kauprétt starfsmanna

Félag sem hyggst veita starfsmönnum sínum kauprétt samkvæmt hinum sérstöku skattareglum þarf að senda ríkisskattstjóra til staðfestingar áætlun þar sem fram kemur að öllum framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Ef einhverju er áfátt verður unnt að bæta úr því, annað tveggja með nýrri umsókn að fenginni rökstuddri synjun staðfestingar ellegar með úrbótum að ósk ríkisskattstjóra.

2.3 Tímaviðmiðun skattlagningar

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem rakin hafa verið þá eru umræddar tekjur skattlagðar þegar starfsmaðurinn selur bréfin.

2.4 Telst mismunurinn til rekstrar kostnaðar?

Tekjurnar af kaupréttarsamningi sem skattlagðar eru sem fjármagnstekjur teljast að sjálfsgöðu ekki til rekstrarkostnaðar hjá félaginu en það á aftur á móti við um mismun af gangverði og afhendingarverði þegar hlutabréf eru afhent á undirverði eða endurgjaldslaust, sbr. Auglýsing RSK nr. 10/1999.

2.5 Veita slík kaup skattaafslátt?

Nýting kaupréttar skv. 8. gr. B. veitir ekki rétt til skattaafsláttar vegna kaupa hlutabréfa. Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til þetta ákvæði og rökstyður nefndin tilögu sína þannig að skattlagning kaupréttar

muni verða sú sama og á aðrar fjármagnstekjur.

2.6 Útreikningur söluhagnaðar kaupréttarbréfa

Útreikningurinn er þannig að kaupverð hlutabréfa skal ákvarðast jafnt gangverði eins og það skal skilgreint í kaupréttarsamningum.

Skattlagningin er því í stuttu máli sagt:

- Engin skattlagning við veitingu kaupréttar
- Engin skattlagning við nýtingu kaupréttar
- Fjármagnstekjuskattur við sölu hlutabréfa sem aflað hefur verið með þessum hætti

Niðurlag

Hér að framan hafa hinar nýju reglur um skattlagningu kaupréttar hlutabréfa verið raktar í meginmáli. Hitt er svo annað mál að ekki er ljóst hvort þær verða mikið nýttar og þá hverjir eða hvers konar fyrirtæki munu veita starfsmönnum sínum slíkan kauprétt. Alla vega er ljóst af ákvæðum laganna að kaup á hlutabréfum samkvæmt kaupréttarsamningi gefa ekki rétt til frádráttar frá tekjum af fjárfestingu í atvinnurekstri. Hugsanlega gæti slíkt ákvæði leitt til þess að kaupréttarsamningar einskorðuðust við félög sem uppfylla ekki skilyrði tekjuskattslaga um frádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Að minnsta kosti verður að segja að kaupréttarsamningar geta orðið hvarning til starfsmanna þar sem hagsmunir félagsins fara saman við hagsmuni starfsmannsins. Enn fremur verður að telja að hér sé komin leið fyrir sum fyrirtæki til að halda í verðmæta starfsmenn og halda með því móti þekkingu og reynslu innan viðkomandi fyrirtækis.



Fólk í fyrirrúmi

Erindi flutt á Skattstjórafundum á Hallormsstað 5. júlí 2000



Þorsteinn Haraldsson, endurskoðandi.

Sjálfsögð orð

Fyrirfram var ekki ákveðið hvert yrði umræðuefni mitt á þessum fundi, umfram það að þið fengjuð að kynna sjónarhorni endurskoðanda. Ég fann þó glögg fyrir því ósagða sem hékk á símalínunni þegar til mín var hringt og ég beðinn að koma, líkt og það segi sig sjálf hvað brýnast sé að ræða okkar í milli, og samstundis var sjálfsagt að þiggja ykkar góða boð.

Fólk í fyrirrúmi

Undanfarið ár hefur ríkt trú á að tækniframfarir leysi skjótt allan vanda skattkerfisins, meðal annars þann sem tengdur er skipulagi og álagi á starfsfólk. Skattkerfið hefur því, um stundarsakir, sett tölur og forrit skör ofar viðskiptavinum sínum og starfsfólki, í góðri trú á að tölur og forrit leysi vanda tengdan verkskipulagi, álagi á starfsfólk, framtalsfrestum, álagningu, kærnum og streitu. Stundarsakir hafa svo orðið að mánuðum og árum. Og nú hefur skattkerfið of lengi unnið og skipulagt án þess að taka nægjanlegt tillit til viðskiptavina sinna og starfsfólks. Ekki er dreginn í efa góður vilji þeirra sem stýrt hafa, að svo miklu leyti sem þessari þróun hefur verið stýrt, en veruleikinn sýnir okkur að tækni leysir ekki allan vanda.

Ég er jafn áhugasamur um framfarir í verklegum efnum og hver annar. En ég vara við því að farið sé of geyst í nýrri tækni og minni á að lífið snýst um lífandi fólk og að hamingjan er ekki áfangastaður sem við náum með fullkomnari tækni. Tíminn og tíðarandinn krefjast þess

að skattkerfið breyti hugsunarhætti sínum og verklagi. Veruleikinn hefur fært okkur brýn úrlausnarefni sem varða viðskiptavinum okkar og starfsfólki, en ekki tækninýjungar.

Sameiginlegir viðskiptavinir

Því var fleygt að það væri gott að fá einhvern úr „hinu liðinu“ á skattstjórafundum. En þrátt fyrir það að ég sé sjálfstætt starfandi endurskoðandi er ég ekki í „hinu liðinu“. Við erum á sama skipi og það er mikilvægt að hugsanir okkar séu að vissu marki í samræmi við það. Þið stýrið skipi og endurskoðunarfyrtækin eru veigamikill hluti í vélarrúmi þess. Okkar vandamál eru ykkar vandamál og ykkar vandamál eru okkar vandamál þegar rætt er um skattkerfið. Þegar ég segi að skattkerfið vinni og skipuleggi án þess að taka nægjanlegt tillit til viðskiptavina sinna og starfsfólks, þá undanskil ég ekki endurskoðunarfyrtækini því þau eru hluti skattkerfisins.

Þó að endurskoðunarfyrtækini fari hvorki með löggjafar- né framkvæmdavald bera þau ábyrgð á skattkerfinu. Þau bera ábyrgð á því gagnvart viðskiptavinum sínum og starfsmönnum. Viðskiptavinir endurskoðenda, sem eru jafnframt viðskiptavinir skattheimtunnar, treysta þeim fyrir samskiptum sínum við hana og skýrslugerð sinni. Þeir eru viðskiptavinir skattkerfisins og það er skylda okkar allra að vaka yfir velferð þeirra – án þeirra hefðum við engan starfa. Viðskiptavinirnir treysta á þekkingu endurskoðenda og áreiðanleika og gera kröfu til þess að skattayfirvöld treysti endurskoðendum. Þekking er önnur meginforsenda viðskiptanna, hin er traust. Endurskoðendur selja viðskiptavinum sínum þekkingu og traust.

Ábyrgð

Orðin traust og ábyrgð eru mikilvæg í samskiptum okkar. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að milli okkar ríki traust og þarflaust er að

útskýra orðið. Ábyrgð er flóknara orð. Það merkir að endurskoðendur eigi að koma fram með ábyrgum hætti gagnvart skattayfirvöldum og að þau eigi að koma fram með ábyrgum hætti gagnvart viðskiptavinum sínum. Ábyrgð merkir að fara að lögum, en það merkir fleira.

Hvaða merkingu skyldi það hafa að segja að endurskoðunarfyrtækni, sem hvorki fara með löggjafar- né framkvæmdavald, beri ábyrgð á skattkerfinu gagnvart viðskiptavinum sínum og starfsmönnum? Í ensku er orðið „responsible“¹ notað um það að vera ábyrgur. „Response“ og „able“ merkir að hafa afl til þess að bregðast við (einhverju eða einhverjum). Ábyrgð endurskoðendanna felst í skyldu þeirra til að bregðast við skattkerfinu með ábyrgum hætti, en þeir hafa ekki hugað nægjanlega að þessari skyldu sinni.

Faggreinin „skattkerfið“ hefur ekki verið nægjanlega virk og vakandi fyrir hagsmunum viðskiptamanna sinna og starfsfólks. Hún þarf að vera „able“ til að sýna „response“ þegar það á við.

Skattkerfið þarfnast endurskoðenda og samráðs

Uppgjör nútímaviðskipta og skattareglur eru flóknari en svo að viðskiptamenn með rekstur, og jafnvel launamenn sem eiga viðskipti á verðbréfamarkaði, annist þau sjálfir. Þess vegna er fátt jafn mikilvægt skattheimtunni og vilji þessara aðila til að eiga viðskipti við endurskoðendur. Skattheimtan á líf sitt undir þeim viðskiptum, að ógleymdum þeim hag sem er af því að viðskiptavinir hennar greiða sjálfir fyrir þjónustu endurskoðenda.

Okkur hefur fundist staða okkar gagnvart viðskiptavininum ólíkari en hún er í raun. Samskipti okkar og samskiptaleysi vitna um það. Endurskoðendur og skattayfirvöld eru ekki andstæðar fylkingar. Hlutverk okkar og skyldur eru svo samtvinnað að við hljótum að efla með okkur traust, samráð og samvinnu.²

Í rétttri röð

Þeir sem ferðast í flugi til útlanda fylgjast með flugfreyjunni þegar hún fer yfir öryggisatriðin:



„Verði breyting á þrýstingi í farþegarýminu,“ segir hún, „þá munu súdefnisgrímur falla niður úr loftinu fyrir ofan sætið. Smeygið henni yfir nef og munn og andið eðlilega. Þeir sem ferðast með börn eiga að setja súdefnisgrímuna á sjálfa sig fyrst, síðan á börnin.“

Það er ekki vafi á að loftþrýstingurinn í skattkerfinu er búinn að skila til okkar súdefnisgrímum. Það var það ósagða sem hékk á símalínunni þegar til mín var leitað og ég trúí að það sé ástæðan til þess að mér var boðið hingað. Og mér finnst ríða á að muna nú eftir gullnu reglu flugfreyjunnar um að gera allt í rétttri röð. Okkar fyrsta verk á að vera að bregða yfir eigið nef og munn grímunnar sem skilar okkur súdefni góðvildar og samstarfs – við þurfum að tala saman og ráðast gegn hvers konar ókurteisi sem kann að finnast í samskiptum okkar. Við erum á sama báti og hvorugur getur án hins verið. Þess vegna verðum við að rækta samstarf og samvinnu og viðurkenna að við berum saman ábyrgð. Þá fyrst getum við snúið okkur að þeim vandasömu og skemmtilegu viðfangsefnum sem við okkur blasa.

Hlusta fyrst

Ég hef þjónað skattkerfinu í 31 ár og, ef verkast vill, á ég eftir að þjóna því í 20 ár til viðbótar. Af þessu leiðir að ég hef reynt úr fortíðinni og áhuga á framtíðinni og hugmyndir um hvað gera þarf til úrbóta. Undanfarið hef ég talað við marga endurskoðendur í tilefni af ykkar góða boði. Þeirra á meðal formann og varaformann Félags löggiltra endurskoðenda og veit að ég tala máli margra endurskoðenda. Ég geri samt lítið meira en að viðra mínar hugmyndir á meðan ég hef ekki heyrt ykkar hugmyndir, því við leggjum aldrei grunn að endurbættu skattkerfi nema við séum reiðubúin að hlusta hvert á annað. Ég er svo heppinn að þið hafið boðið mér að tala hér og fyrir vikið eruð þið nú í hlutverki hlustandans.

Rétt hugsun

Viljandi hef ég talað um viðskiptavinir skattkerfisins en ekki gjaldendur eða, launafólk, rekstraraðila og lögaðila. Viðskiptavinir okkar eru gjaldendur í þeim skilningi að þeir gjalda skatta af tekjum sínum, en þeir njóta í staðinn marg-

víslegrar þjónustu hins opinbera og þeir eru fyrst og fremst viðskiptavinir okkar. Þeir eru í sömu stöðu og allir sem eiga viðskipti því þeir láta fé af hendi og njóta einhvers í staðinn. Og það á ekki meðhöndla þá eins og hjarðir – kindur, hesta og kýr – við erum að vinna með og fyrir lifandi fólk og skipulagið verður að miðast við það fyrst og fremst.

Við skulum sleppa því að fæstir myndu að fyrra bragði velja að eiga viðskipti við skattkerfið – heldur horfast í augu við að hjá þessum viðskiptum verður ekki komist – og hugsa um „gjaldendur“ sem viðskiptavinir okkar, þar sem hver og einn á rétt á fyrsta flokks þjónustu, og skapa starfsfólki okkar aðstæður og umhverfi sem gerir störfin aðlaðandi. Þetta er sjálfsagt en ég nefni það samt.

Álag á starfsmenn

Á árinu 1970 lauk uppgjörsvertíðinni 7. maí, en þá var lokaskiladagur lögaðila – Rekstrarmenn luku skilum 7. apríl og launamenn í febrúar. Á árinu 1985 lauk ég vertíðinni 19. júní og var sjálfsagt kominn fram yfir leyfilega fresti, þó allt færi vel að lokum. Á árinu 2000 tókst mér með að ljúka framtalsgerð fyrir rekstrarmenn á annan í hvítasunnu, sem bar uppá 12. júní, og enn er ólúkið framtalsgerð fyrir lögaðila sem stendur fram í september. Öll þessi ár hefur verið mikið álag á þessum tíma. Framan af var það svo sjálfsagður hluti af lífinu og tilverunni að enginn gerði mikið með það, nema til að gorta sig af fjölda unninna yfirvinnustunda. Nú er öldin önnur og menn bera kinnroða fyrir að vinna fram á nætur og um helgar – enda sýna kannanir að þótt vinnusemi þyki meðal helstu dyggða nútímamannsins, þá telst óhófleg vinna meðal helstu lasta hans.

Álagning og álagningaskrár

Álag og langur vinnudagur er áberandi í endurskoðunarfaginu. Áberandi í þeirri merkingu að álag er áberandi mikið í raun og áberandi útávið, því viðskiptamenn endurskoðenda eru margir og fara ekki varhluta af álaginu. Af þessu hlýst margvíslegur vandi.

Í fyrsta lagi er atgervisflótti úr faginu, því

lærðir endurskoðendur leita í önnur störf og of fáir leita sér menntunar í faginu. Álagið vex af þessum sökum. Slegist er um námsmenn á endurskoðunarkjörsviði og það er slegist um alla sem eitthvað kunna og eru reiðubúinir að ráða sig til almennra starfa á endurskoðunarstofum.

Í öðru lagi kemur álagið niður á gæðum þjónustunnar.

Ef spurt er hvað valdi álaginu, liggur beinast við að svara að of fáum sé ætlað að vinna of mikið á of skömmum tíma. Og ef spurt er hvernig hægt sé að ráða bót á því, liggur beinast við að svara og segja: Með því að dreifa framtalsgerðinni yfir lengra tímabil.

Fram hefur komið að reynsla skattheimtunnar af lengingu framtalsfrests og seinkun skila er tvíþætt. Annars vegar er talið að gæði framtala hafi aukist en hins vegar hafi ekki náðst sá árangur sem vonast hafi verið til – að framtöl bærust skattstofunum jafnt og þétt.

Frestir og álagning

Það fyrsta sem í hugann kemur til úrbóta er að breyta þeirri venju að skila öllum álagningu á sama tíma. Mannfólkinu í júlílok og lögaðilum í október. Það er óhjákvæmilegt að dreifa framtalsgerðinni allri yfir lengra tímabil en nú er gert. – Það var ef til vill í lagi að vinna langan vinnudag undir stöðugu álagi frá áramótum til 7. maí, en núverandi fyrirkomulag gengur einfaldlega ekki upp, ekki gagnvart viðskiptamönnum og þaðan af síður gagnvart starfsfólki okkar. Það er ekki vit í þeim vinnubrögum sem nú eru tíðkuð.

Það liggur fyrir að lengdur framtalsfrestur eykur gæði framtalanna – en vandamálið er ójöfn skil. Það má ráða bót á því með því að taka upp svipað kerfi og gildir hjá bifreiðaskoðuninni, þar sem síðasti stafur í númeri ræður því hvenær færa á bifreið til skoðunar. Það mætti t.d. hugsa sér að síðasti stafur í veflykli, sem er valinn með happdrættisfyrirkomulagi, ráði skilamánuði og að viðkomandi framteljandi fái álagningu sína innan ákveðins dagafjölda frá því hann skilar framtalinu. Öllum framteljendum, einstaklingum, rekstrarmönnum og lögaðilum, yrði ráðað eftir þessu kerfi og framtalskillin t.d. miðuð við tímabilið frá marsbyrjun til septemberloka. Endurskoðendur og aðrir sem



atvinnu hafa af framtalsgerð þyrftu þó væntanlega að fá heimild til einhverrar hliðrunar á verkefnum, samkvæmt einhverri reglu, ef óheppilega tekst með niðurröðun verkefna. Huga þarf að því að allt sem þarf til framtalsgerðar, gögn og eyðublöð, tefjist ekki og séu til reiðu strax á fyrstu dögum ársins. Fyrirkomulag af þessu tagi gæfi okkur færi á að skipuleggja starfið betur og með öðrum hætti en nú er. Engum yrði bannað að skila fyrr en honum ber. En viðkomandi þarf þá að fá álagningu sína í samræmi við þann skiladag sem hann velur. Engum leyfðist hinsvegar, refsilaust, að skila síðar en honum ber.

Tímabilið frá áramótum til febrúarloka má nota til þess að skila inn og flokka þær upplýsingar sem skattkerfið þarfnast til samamburðar og eftirlits með framtölum. T.d. launamíðum – hlunnindamíðum og hlutafjármiðum.

Eftirlit og skoðun framtala gæti að mestu farið fram fyrir álagningu og dreifst yfir marga mánuði, í stað þess að nú gefst of lítill tími til þeirra verka, að minnsta kosti í stærstu umdæmunum.

Kærumeðhöndlun dreifðist á allt árið og miðaðist við skilafrest hvers og eins – í stað þess að miðast við svo skamman tíma fyrir alla framteljendur að ógerlegt er að standa við það sem lög bjóða.

Ég gæti haldið áfram og nefnt t.d. þau tækifæri sem með þessu myndu gefast til þess að þjálfa starfsfólk og auka færni þess til afmarkaðra verkefna, hvort heldur við álagningu, eftirlit eða kærumeðferð, og svo ótal margt annað sem of langt er upp að telja.

Innheimta eftirstöðva

Ég geri mér grein fyrir því að ef álagningunni verður dreift yfir árið skapar það ákveðinn vanda við innheimtu eftirstöðva skatta. Þann vanda verður að leysa með vöxtum sem reiknast jafnt á inneignir og skuldir. Þeir sem telja sig skulda skatta, en hafa ekki lokið framtalsgerð, eiga að geta greitt inni kerfið án þess að álagning liggi fyrir. Og þeir sem eiga inni peninga eiga að fá greidda sömu vexti á það fé og þá vexti sem þeir greiða ef þeir skulda. Núgildandi aðferð við vaxtareikning, þar sem skattheimtan krefst mun hærri vaxta af viðskiptavinum sín-

um, ef þeir skulda, en hún er reiðubúin að greiða þeim, ef þeir eiga inni, stríðir gegn réttlætiskennd manna og skaðar álit skattkerfisins.

Virðisaukandi þjónusta og gildi eða firing

Hafa verður í huga að endurskoðendur vinna að fleiru fyrir viðskiptavinum sína en skattframtölum – og viðskiptavinurinn verður að fá þá þjónustu þegar hann þarfnast hennar. Endurskoðendur þurfa að vera í stakk búinir til þess að veita þá þjónustu og til þess þurfa þeir betra færi til að ákvarða röð verka sinna eftir mikilvægi þeirra. Eins og nú háttar gerir skattkerfið fyrirfram ráð fyrir að fyrst sé lokið við alla einstaklinga, því næst rekstrarmenn og loks lögaðila. Mikilvægisröð flestra endurskoðenda liggur nær því að þessu væri öfugt farið. Stærstu viðskiptamenn þeirra eru lögaðilar, þá mega endurskoðendur síst við að missa – og þeir þola verst bið eftir uppgjöri.

Sá tími sem endurskoðendur hafa til þess að veita viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu hefur minnkað og hætta er á að hann minnki enn frekar ef við gætum ekki að okkur. Því tímapressa dregur úr gæðum vegna þess að ein leið til að vinna tíma er að gera minna og vera fljótari að því. Og þegar dregur úr gæðum eykst óánægja viðskiptavinarins.

Hluti af þeim virðisauka sem framteljendur hafa notið hjá endurskoðendum er t.d. samtal tengt undirritun framtals. Frá upphafi hafa framteljendur sjálfir undirritað framtöl sín, að viðlögðum drengskap og gjarnan notað spariskriftina. Þetta er hjá sumum líkt og helgiathöfn vegna þess að þegar menn undirrita framtalið sitt þá hugsa þeir um gildin: Heiðarleikann, sannsöglina og samvisku sína. Þetta á ekki við um alla menn, en nægjanlega marga til þess skerpa mikilvægi þessara gilda hjá viðstöddum endurskoðanda. Við þurfum að gæta þess að tæknin ræni okkur ekki gildunum. Reynsla þessa árs er sú að sumir endurskoðendur hafa gripið til þess vegna tímaskorts að láta stutt símtal og veflykilinn koma í stað fundar og undirritunar. Smám saman getur myndast gjá milli framteljandans og framtalsins. Hann gerir brátt ekki annað en senda endurskoðanda gögnin

sín. Og áður en við vitum bera framteljendur ekki lengur ábyrgð á framtölum sínum. Ég ít-reka að ég er ekki mótfallinn nýrri tækni, en ég hef efasemdir um verklegar framfarir sem leiða til þess að menn hætti að bera ábyrgð á atburðum í lífi sínu vegna þess að búið er að koma af þeim ábyrgðinni á réttri frásögn af atburðunum. Að þessu þarf að hyggja.

Tæknimál

Ný tækni krefst undirbúnings og prófunar. Tafir má að verulegu leyti rekja til þess hve langur tími fer í hvers kyns umstang og undirbúning tæknilegra nýjunga sem hafa ekki nema að litlu leyti með sjálfa framkvæmdina að gera, þ.e.a.s. það að telja fram. Þess vegna er e.t.v. betra að vera ekki stöðugt að gera breytingar – þó stöðugt sé þeim sinnt og að þeim unnið að sviðsbaki. Skynsamlegra kann að vera að halda kerfinu lokuðu á milli þess sem breytingar eru gerðar. Breytingar á ekki að gera örar en fjórða eða fimmta hvert ár, nema breytt löggjöf eða önnur þess brýnni ástæða komi til. Annars er hætt við að ekki gefist nægur tími til þess að vinna hina eiginlegu vinnu.

Lokaorð

Ég hef brátt talað nægjanlega lengi og þó aðeins nefnt fátt af því sem okkur er þörf að ræða. Eins og ég gat um þá hef ég, til undirbúnings þessu erindi mínu, talað við fjölmarga endurskoðendur. Þeir nefndu margt sem þeim lá á hjarta, en ég hef ekki vakið máls á hér. – Fyrirferðarmest eru þar atriði sem rekja má beint til þess að við höfum ekki borið gæfu til þess að hafa samráð og samvinnu – þess vegna hef ég í máli mínu lagt mesta áherslu á ræktun þeirra.

¹ 1. liable to be called to account (to a person or for a thing). 2. morally accountable for one's actions; capable of rational conduct. Það finnst fleiri skýringar orðsins í *The Oxford Modern English Dictionary* en þessar eru þar fremstar.

² *Trust comes not just from shared needs, commitment, joint leadership, and personal relationships but also from ongoing safeguards that protect each side and keep certain areas off limits. How Companies Build Mutual Trust and Win to Together.* – Jordan D. Lewis. – Free Press, 2000.



Hádegisverðarfundir

Hádegisverðarfundir FLE eru í föstum skorðum. Þeir eru haldnir á Grand Hótel, Reykjavík, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Fundir þessir eru jafnan vel sóttir. Þessar myndir voru teknar á hádegisverðarfundum 1. mars 2000. Gestafyrirlesari var Haukur Ingibergsson.

Næstu hádegisverðarfundir verða haldnir á Grand Hótel, Reykjavík.

- Miðvikudag 4. október. nk.
- Miðvikudag 1. nóvember. nk.
- Miðvikudag 6. desember. nk.

Munið að tilkynna þátttöku þegar nær dregur fundi.





Viður- kenning

Á hádegisverðarfundum þann 1. mars 2000 veitti formaður FLE Símon Á. Gunnarsson, Kolbeini Jóhannessyni endurskoðanda sérstaka viðurkenningu í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá því hann fékk löggildingu sem endurskoðandi.

Símon Á. Gunnarsson formaður FLE afhendir Kolbeini Jóhannessyni endurskoðanda sérstaka viðurkenningu félagsins. Listaverkið útbjó Jens Guðjónsson gullsmiður og á það er letrað: Kolbeinn Jóhannesson 50 ára löggildingarafmæli 2000. Kveðja FLE.





Til sölu á skrifstofu FLE

„*Handbók endurskoðenda*“.

Útg. af FLE, 1996.

Verð kr. 2.280,-

„*Íðorðaskrá endurskoðenda*“.

Útg. af orðanefnd FLE 1996.

Verð kr. 2.280,-

„*FEE- The SME business guide to the Year 2000*“.

Höf: Lynn Craig og Mike Kusmirak.

Útg. Cambridge Publishers Ltd., 1998.

Verð kr. 1.600,-

IFAC Handbook 1999,

Technical Pronouncements.

Verð kr. 4.799,-

IASC International Accounting Standards 2000.

Verð kr. 7.458,-

Applying International Accounting Standards.

Höf. David Cairns.

Verð kr. 11.193,00

Ráðstefnur erlendis

Tilkynningar erlendis frá um ráðstefnur af ýmsu tagi liggja frammi á skrifstofu FLE. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

• **The 7th Jerusalem Conference on Accountancy – Facing the Third Millennium.**

Ráðstefna haldin í Jerúsalem 3.-6. desember 2000.

• **FORUM-2000 on auditing about Internationalisation of the profession.**

Ráðstefna haldin 5. og 6. desember í Brussel.

• **Skatteseminarium 2000**

Verður á Hawaii 4.–11. nóvember 2000.

Félagsmenn FLE sem vilja kynna sér þetta nánar eru vinsamlegast beðnir að koma við á skrifstofu félagsins.

Áhugavert innlent lesefni og vefsíður

FLE berst mikið af innlendu lesefni. Rit þessi liggja frammi á skrifstofu félagsins. Talsvert er um að uppgæfnir séu slóðar inn á vefsíður og/eða heimasíður þar sem nálgast má lesefni eða nánari upplýsingar.

Út er komin bókin **Útgáfa jöfnunarhlutabréfa „gagnrýnin endurskoðun á dómi Hæstaréttar í máli Félags vatnsvirkja hf.“** eftir Ásmund G. Vilhjálmsson héraðsdómslögmann. Hefur hún að geyma lýsingu á skattlagningu félaga og eigenda eignarhluta í þeim frá 1921 til 1962, einkum við félagsslit, ítarlegar skýringar á ástæðum þess að útgáfa jöfnunarhlutabréfa var undanþegin skatti 1962, greinargóðar upplýsingar um framkvæmd útgáfunnar á tímabilinu frá 1962 til 1971, frá 1971 til 1979 og frá 1979 til gildistöku fjármagnstekjuskattslaganna 1. janúar 1997. Þá er gagnrýnin umfjöllun um mál íslenska ríkisins gegn Félagi vatnsvirkja hf. en það fjallaði um heimild tiltekins hlutafélags til að gefa út jöfnunarhlutabréf á eignarhluta sinn í Íslenskum aðalverktökum er þá var sjálfstæður skattaðili sem sameignarfélag. Taldi hlutafélagið að miða bæri við raunverulegt söluverð í því sambandi en Hæstiréttur stofnverð sem einungis væri brot af söluverði og rökstuddi hann það með vísan til þess, að

með útgáfu jöfnunarhlutabréfa væri verið að leiðrétta eigið fé hlutafélaga fyrir áhrifum verðbólgu, það væri og tilgangur endurmat á eignum sem heimilt var að framkvæma, endurmat eigna og útgáfa jöfnunarhlutabréfa væri því tengt.

Frekari upplýsingar veitir höfundur bókarinnar: Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl., Suðurlandsbraut 20,108 Reykjavík. Unnt er að panta bókina í gegnum netfangið (E-mail) thema@thema.is eða bréfsímann (fax) 520 7010.

Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.

www.althingi.is

Félag löggiltra endurskoðenda.

www.fle.is

Ríkisskattstjóri

www.rsk.is

Yfirsattanefnd.

www.yskn.is

FEE-Evrópusamb. endurskoðenda

www.fee.be

www.euro.fee.be

IFAC-Alþjóðasamtök endursk.

www.ifac.org

ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið

www.iasc.org.uk

Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 — 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@islandia.is

Heimasíða: www.fle.is



Af stjórnarborði



Simon Á.
Gunnarsson
Formaður FLE.

IFAC ráðstefna í Edinborg í maí

Undirritaður sótti í lok maí ráðstefnu Alþjóðasambands endurskoðenda (IFAC) sem haldin var í Edinborg í Skotlandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „The needs of the capital markets – a measured response“.

Dagskrá ráðstefnunnar var í raun tvískipt þar sem fyrri hlutinn var lagður undir hugmyndir og athugasemdir ýmissa fulltrúa atvinnulífsins og fjármálafyrirtækja um stöðu endurskoðenda. Snerist umfjöllun flestra þeirra einkum um það sem reikningsskilin segja ekki og þann mismun sem er á mati fyrirtækja og rekstrareininga á almennum markaði og þeirri mynd sem dregin er upp í reikningsskilunum fyrirtækja. Í þessum hluta voru einnig kynnt sjónarmið ráðgjafa í endurskoðunarfyrirtækjum og má segja að þar hafi kristallast sá munur sem er á sjónarhorni rekstrarráðgjafans annars vegar og endurskoðandans hins vegar.

Í seinni hluta ráðstefnunnar var komið að endurskoðendum að „svara fyrir sig“ og fjalla um þau atriði sem notendur reikningsskilanna höfðu talið gagnrýnisverð í erindum sínum á fyrri deginum. Komu þar fram kunnugleg sjónarmið að stétt endurskoðenda þarf annars vegar að laga sig að breyttum þörfum nútímans en á hinn bóginn einnig að halda fast í þann grunn sem stuðlar að því trausti sem umhverfið hefur á vinnu okkar og staða okkar sem stétt sérfræðinga byggist á.

Í tengslum við ráðstefnuna urðu formannskipti í IFAC en Frank Harding sem verið hafði formaður frá árinu 1997 lét af störfum en formaður í hans stað var kosinn Japaninn Aki Fujinuma, sem verið hafði varaformaður síðustu tvö ár. Varaformaður var kosinn Rene Ricol frá Frakklandi.

Skipulagsbreytingar IASC

Í tengslum við ráðstefnuna í Edinborg var haldinn aðalfundur Alþjóða reikningsskilanefndarinnar (IASB). Þar voru samþykktar samhljóða veigamiklar skipulagsbreytingar fyrir nefndina og ný skipulagskrá lögð fram þar sem nýtt skipulag er útfært. Nýja skipulaginu er ætlað að svara kröfum markaðarins um aukið sjálfstæði nefndarinnar. Fyrir fundinn í Edinborg hafði nefnd unnið að stefnumótun fyrir IASC og lagt fram tillögur sem reikningsskilanefndin sjálf samþykkti í mars á þessu ári en tóku endanlega gildi með samþykki fundarins í Edinborg í maí.

Í stuttu máli er IASC sett stjórn („Trustees“) sem í sitja nítján menn frá hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og frá öllum heimsálfum. Stjórninni er ætlað að skipa fulltrúa reikningsskilanefndarinnar („Board“), ráðgjafanefndar („Standards Advisory Council“) og nefndar sem ætlað er að túlka reikningsskilastaðlana („Standing Interpretations Committee“). Stjórninni er jafnframt ætlað að afla fjár til starfsemi IASC, fylgjast með virkni nefndarinnar, samþykka fjárhagsáætlanir hennar og sjá um að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á skipulagskrá IASC. Á fundinum í maí var tilkynnt hverjir hefðu verið valdir í stjórn IASC samkvæmt þessu breytta skipulagi og eru þar bæði fulltrúar atvinnulífsins, fjármálafyrirtækja og endurskoðunarfyrirtækja. Formaður stjórnarinnar var valinn Paul A. Volcker fyrrverandi Seðlabankastjóri Bandaríkjanna. Til gamans má geta þess að einn af nítján stjórnarmönnum er

Daninn Jens Roder, fyrrverandi formaður FEE sem var gestur á ráðstefnu FLE fyrir nokkrum árum og mörgum félagsmönnum kunnugur.

Í reikningsskilanefndina sjálfa verða skipaðir fjórtán menn og munu tólf þeirra hafa nefndarstörfin að aðalstarfi en tveir sem hlutastarf. Hlutverk nefndarinnar er orðað þannig í skipulagskránni að nefndinni er ætlað að koma á „high quality, understandable and enforceable global accounting standards“. Eins og sjá má af orðalaginu er markið sett hátt. Stjórn IASC hélt sinn fyrst fund í New York í lok júní og var þar ákveðið að formaður reikningsskilanefndarinnar verði Bretinn sir David Tweedie sem verið hefur formaður bresku reikningsskilanefndarinnar (UK Accounting Standard Board).

Þeim sem kynna vilja sér nánar skipulagsbreytingar IASC er bent á heimasíðu nefndarinnar sem hægt er að tengjast í gegnum heimasíðu FLE.

Aðalfundur NRF á Íslandi

Þegar þetta er ritað stendur sem hæst undirbúningur að aðalfundi Norræna endurskoðendasambandsins (NRF). Aðalfundurinn sem haldinn er til skiptis á Norðurlöndunum fimm verður haldinn dagana 24. til 27. ágúst í Reykjavík. Eins og kunnugt er var Árni Tómasson kosinn formaður sambandsins til tveggja ára frá og með síðustu áramótum og stýrir hann því fundinum hér í Reykjavík. Samtals sækja fundinn um þrjátíu manns að mökum meðtöldum. Sérstakur gestur fundarins verður Peter Johnston framkvæmdastjóri IFAC.

Nánar verður sagt frá fundinum í næstu FLE fréttum.

Simon Á. Gunnarsson
Formaður FLE.



Endurmenntunarsstofnun HÍ

Námskeið fyrir endurskoðendur haust 2000

Reikningsskil og skattamál.

Námskeiðin eru haldin í samstarfi við menntunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda, en eru opin bókhaldsráðgjöfum, fjármálastjórum og öðrum sem áhuga hafa, nema annað sé tekið fram. Námskeiðin eru metin til eininga skv. reglugerð um endurmenntun löggiltra endurskoðenda.

Sjóðstreymi

Gerð sjóðstreymis, breytingar Reikningsskilaráðs á reglum um gerð sjóðstreymis og rökun fyrir þeim. Hvernig túlka ber meginniðurstöður í yfirliti um sjóðstreymi. Farið yfir umfangsmikið verkefni í gerð sjóðstreymis.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: 23. jan. kl. 15:30-19:00.

Verð: 8.600 kr.

Ein: 5,25

Valréttarsamningar

Helstu atriði sem taka þarf á í kaupréttarsamningum. Skattaleg meðferð kaupréttarsamninga. Skilyrði þess að tekjur af kaupréttarsamningum séu skattlagðar sem fjármagnstekjur. Hvernig skal fyrirtæki gera grein fyrir skuldbindingum sem felast í kaupréttarsamningum? Áhrif þeirra á ársreikninga útgefanda.

Kennari: Bernhard Bogason lögfræðingur hjá KPMG hf.

Tími: 11. okt. kl. 16:00-19:30.

Verð: 8.600 kr.

Ein: 5,25

Framvirkir samningar

Einkum ætlað endurskoðendum, fjármálastjórum og starfsmönnum bókhaldsdeilda.

Framvirkir samningar eru ein tegund afleiðusamninga. Fjallað verður um eðli framvirkra

samninga og hvernig má nota þá. Tekin verða dæmi um færslu þessa samninga í reikningsskil og vikið að því sem hafa ber í huga varðandi endurskoðun á slíkum samningum.

Kennari: Sæmundur Valdimarsson löggiltur endurskoðandi hjá KPMG hf.

Tími: 23. nóv. kl. 16:00-19:00.

Verð: 8.400 kr.

Ein: 4,5

Gæðastjórnun á endurskoðendaskrifstofum

Ætlað endurskoðendum. Kynning á notkun aðferða gæðastjórnunar í íslenskum rekstri í því skyni að koma betur til móts við þarfir starfsmanna og viðskiptavina.

Fjallað um hugmynda- og aðferðafræði gæðastjórnunar, gæðastefnu og umfang umbótastarfs. M.a. verða kynnt eftirfarandi viðfangsefni: Sjálfsmat, hópvinna, orsakagreining, verkfæri gæðastarfs, eftirlit og staðlar.

Kennari: Haraldur Á. Hjaltason framkvæmdastjóri VSÓ Deloitte & Touche - Ráðgjöf.

Tími: 23. og 24. okt. kl. 9:00-12:00.

Verð: 12.500 kr.

Ein: 9.

Eiginfjárreikningar í ársreikningum fyrirtækja

Við gerð reikningsskila er þýðingarmikið að eigið fé fyrirtækja sé sundurgreint eftir efnisþáttum þess. Skipta má eigin fé í þrjá hluta; innborgað eigið fé, eftirstæðan hagnað og óinnleystan geymsluhagnað. Því miður er það svo að þessum þremur þáttum er iðulega ruglað saman í íslenskum reikningsskilum. Fjallað um hvaða reikningsheiti taka til þessara þriggja þátta og hvernig skipa má saman eiginfjárreikningum til þess að þrískiptingin blasi við. Þá verður fjallað um færslur vegna breytinga á hlutfé, hækkun

og lækkun, yfirverðsreikning, viðskipti með eigin hluti og áhrif valréttarsamninga um kaup á eignarhlutum á eigið fé. Einnig; hvernig ákveða skal þá fjárhæð sem greiða má í arð til hluthafa og heimildir til þess að mynda sérstaka eiginfjárreikninga.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: 8. nóv. kl. 16:00-19:00.

Verð: 8.400 kr.

Ein: 4,5

Skattamál - Nýlegir úrskurðir og dómur

Ætlað öllum er fara með skattamál og skattsýslan. Farið yfir úrlausnir úrskurðaraðila og dómstóla á vettvangi skattamála. Dómsúrlausnir Hæstaréttar og héraðsdóms, refsímál og almenn dómsmál reifuð. Farið yfir þá úrskurði yfirsattanefndar, ríkisskattstjóra og skattstjóra frá síðustu mánuðum sem áhugaverðir teljast. Fjallað um bindandi álit ríkisskattstjóra og yfirsattanefndar. Loks koma til skoðunar niðurstöður umboðsmanns Alþingis sem snerta skattframkvæmd, sem og annarra starfsmanna er að þeim málum koma.

Kennari: Steinþór Haraldsson yfirlögfræðingur RSK, en hann hefur áratuga reynslu af störfum við skattamálum.

Tími: 30. nóv. kl. 16:00-19:30.

Verð: 8.600 kr.

Ein: 5,25

Rafræn eignarskráning verðbréfa

Þáttakendum veitt innsýn í þau réttaráhrif sem hin rafræna skráning hefur í för með sér. Farið í helstu breytingar sem verða í viðskiptum með



verðbréf með tilkomu rafrænnar eignarskráningar, en samkvæmt nýlegum lögum um efnið, nr. 131/1997, verða viðskipti með hin ábreifanlegu bréf ógild eftir að þeim hefur verið breytt í rafréf. Loks verður tölvukerfið að baki starfseminni kynnt.

Kennarar: Einar Sigurjónsson framkvæmdastjóri, Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur og Einar Þórðarson tölvunarfræðingur, allir hjá Verðbréfaskráningu Íslands.

Tími: 7. des. kl. 16:00-20:00.

Verð: 9.500 kr.

Ein: 6

Sameining fyrirtækja

Ætlað endurskoðendum. Sameiningu fyrirtækja má koma í kring með ýmsum hætti. Hvernig á að standa að sameiningu fyrirtækja bókhaldslega? Mikilvægt er að velja rétta aðferð og að virða fyrirmæli reglumiðaraðila í því efni. Einkum er byggt á efni frá Alþjóðlegu reikningskilanefndinni enda skortir ítarleg ákvæði í íslenska löggjöf um þetta og reglur sem fara skal eftir. Fjallað um þær tvær aðferðir sem notaðar eru í þessu skyni, samlegðaraðferðina (e. poolings-of-interest) og kostnaðarverðsaðferðina (e. purchase) og hvenær og hvernig þeim skal beitt.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: 9. jan. 2001 kl. 16:00-19:00.

Verð: 8.400 kr.

Ein: 4,5

Skattamál - Nýlegar breytingar

Nýlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Farið yfir breytingar á öðrum lögum sem varða skatta og atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 2000.

Kennari: Árni Tómasson viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og Touche hf. og stundakennari við HÍ.

Tími: 17. jan. kl. 16:00-19:00.

Verð: 8.400 kr.

Ein: 4,5

Áhugavert erlent lesefni og vefsíður

FLE berst mikið af ársskýrslum, tímaritum og bæklingum erlendis frá. Rit þessi liggja frammi á skrifstofu félagsins. Í flestum tilfellum eru uppgæfnir slóðar inn á vefsíður þar sem nálgast má lesefnið og / eða nánari upplýsingar.

Erlent lesefni sem borist hefur er m.a. :

Frá IASC (International Accounting Standards Committee):

Alþjóðareikningsskilastaðlana má nálgast á E-mail: iasc@iasc.org.uk eða vefsíðu <http://www.iasc.org.uk>

Frá IFAC (International Federation of Accountants):

Vefsíðan er <http://www.ifac.org>. Ógrynni öll af lesefni berast frá IFAC og allt er það aðgengi-legt á heimasíðunni þeirra. „Governmental Financial Reporting, Accounting Issues and Practices“ og „Corporate Governance in the Public Sector“ barst nýverið og liggur hér frammi.

Butterworths:

„Applying International Accounting Standards“ eftir David Cairns fv. framkvæmdastjóra alþjóðlegra reikningskilanefndarinnar. FLE pantaði bókina fyrir þá félagsmenn sem þess óskuðu. Eintak er til sýnis hér á skrifstofunni.

Frá Englandi og Wales: (The Institute of Chartered Accountants in England & Wales)

Vefsíðan þeirra er www.icaew.co.uk/cbp og þar benda þeir endurskoðendum á að nálgast áhugaverðar upplýsingar og lesefni.

Frá FEE (Fédération des Experts Comptables Européens)

Vefsíða Fee Euro Information Services er: <http://www.euro.fee.be>

FEE-samtök gefið út bæklinga um allt hugsanlegt efni tengt Evrópumálum.

Þar má nefna: „FEE Study – To what extent can Options in International Accounting Standards be used for Consolidated Accounts under the EC Accounting Directives?“, „Towards a Generally Accepted Framework for Environmental Reporting“ o.fl.

Fee óskaði eftir að FLE benti félagsmönnum sínum á að frekari upplýsingar um útgáfumál samtakanna mætti finna á vefsíðu þeirra. Þar geta menn pantað sér eintök af því efni sem þeir hafa áhuga á að eignast.

FAR (Föreningen Auktoriserade Revisorer i Sverige).

Frændur okkar í Svíþjóð eru duglegir í útgáfumálum og eru bæklingar af ýmsu tagi til hér á skrifstofu FLE sem og tímarit, fréttabréf og blaðaúrklippur. Nýverið kom hér í hús „FAR INFO 1999“ og „BALANS árg. 1999“

Vefslóði heimasíðu FAR er: www.far.se

FSR (Förningen af Statsautoriserede Revisorer i Danmark)

Tímarit og blaðaúrklippur berast reglulega.

Vefslóði á heimasíðu FSR er: www.fsr.dk

DnR (Den norske Revisorforening)

Fréttabréf berast reglulega.

Vefslóði á heimasíðu DnR er www.revisornett.no

CGR (Föreningen CGR)

Efni berst reglulega frá Finnlandi.

Vefslóði á heimasíðu CGR er: www.kht.fi

Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Þeir félagsmenn FLE sem vilja lita á það efni sem berst eru hvattir til að koma við á skrifstofunni.



Áhugaverðir úrskurðir

Laun í Grænlandi Tvísköttun

Kærandi dvaldi og starfaði um hríð á Grænlandi. Samtímis var hann með lögheimili á Íslandi. Tekjur hans á Grænlandi voru skattlagðar þar. Nam skatthlutfall 40%. Enginn tvísköttunarsamningur er í gildi milli Íslands og Grænlands. Þar af leiðir að sömu tekjur voru skattlagðar hér á landi. Námu þær 30,11% af heildartekjum kæranda.

Á grundvelli 117. gr. laga nr. 75/1981 sótti gjaldandi um og fékk hjá ríkisskattstjóra lækkuun á íslenskum skatti sínum. Ríkisskattstjóri beitti lækkuunarheimild vegna skattgreiðslna erlendis á þann hátt að hann lækkaði tekjuskatt og útsvar kæranda hér á landi um hlutfall tekna kæranda á Grænlandi af heildartekjum hans tekjuárið 1998, þ.e. 30,11%. Samkvæmt þessari aðferð varð lækkuunarfjárhæðin 129.811 kr.

Þessa niðurstöðu sætti umboðsmaður Grænlandsfarans sig ekki við. Kærði hann til yfirséðanefndar svofelldum orðum: „Hér með er þess krafist að skattgreiðslur á Grænlandi verði að fullu viðurkenndur til frádráttar við útreikning álagningar. Launatekjur voru alls kr. 1.726.894. Skatthlutfall er 39,02% eða samtals kr. 679.942. Frá dregst persónuafsláttur kr. 280.320, skattgreiðsla innanlands kr. 237.700 og skattgreiðsla erlendis kr. 204.477 eða alls kr. 721.497. Inneign hans ætti því að vera kr. 44.555, - skv. þessu. „Yfirséðanefndin úrskurðaði á þennan veg.“ Ekki er tilefni til athugasemda við þessa ákvörðun ríkisskattstjóra, enda verður ekki talið að lækkuun samkvæmt framangreindri heimild (Les:117.gr) geti leitt til hagstæðari niðurstöðu fyrir skattaðila en leiða mundi af deilireglu samkvæmt tvísköttunarsamningum.

Í þessu máli eru því í raun þrjár útreikningaraðferðir til umfjöllunar:

1. **Aðferð kæranda:** að reikna út skatta á allar tekjur eftir íslenskum reglum og endurgreiða ætlaða oftekna skatta.
2. **Aðferð ríkisskattstjóra:** að finna hlutfall tekna frá hvoru landi um sig, reikna skatta eftir íslenskum reglum og hlutfalla síðan þannig reiknaðan skatt.
3. **Aðferð yfirséðanefndar;** að beita á tekjur og skatta þeirri deiliaðferð sem er að finna í flestum tvísköttunarsamningum.

Aðferð 2 varð ofan á í þessu máli en athyglisverð er tilvísan nefndarinnar til samspils 117.gr lækkuunar og útreiknings samkvæmt tvísköttunarsamningum.

Steindór Haraldsson tók saman.

Stutt námskeið og endurmenntunarnámskeið



Systrafélögin á norðurlöndum eru dugleg að senda okkur kynningarbæklinga um stutt námskeið og endurmenntunarnámskeið sem boðið er upp á bæði í heimalandi félaganna sem og erlendis. Bæklingar þessir liggja hér frammi.



Bindandi álit

Verktaki-launþegi. Skattskylda samantektar-
útreikningur jöfnunarverðmætis.

Nú hafa borist nokkrar kærur til yfirs-
kattanefndar á bindandi-álitum ríkis-
skattstjóra sbr. lög um þau.

Nefndin hefur þegar
úrskurðað í þremur
málum:

a) Verktaki-launþegi:

Kærandi hafði óskað álits ríkisskattstjóra á réttarstöðu sinni sem launagreiðandi. Hann var verktaki er tók að sér ræstingar. Hafði hann í hyggju að gera verksamning við einstaka starfsmenn að þeir tækju að sér að annast verkið. Álit ríkisskattstjóra var að um væri að ræða launasamninga og færi um skyldur álitsefndar í samræmi við það. Yfirs kattanefnd snéri þessu álitinu við og féllst á það með kæranda að um væri að ræða verksamning og þeir sem verkið unnu væru verktakar.

Var niðurstaða yfirs kattanefndar
þessi:

„Eins og fram kemur í hinu kærða bindandi álitinu ríkisskattstjóra er að finna ákvæði í samningsdrögum sem telja verður einkennandi fyrir vinnusamning, m.a. að kærandi skuli leggja viðsemjanda sínum til tæki, efni og áhöld við framkvæmd verksins. Á hinn bóginn eru einnig í drögum tilgreind atriði sem benda í gagnstæða átt, m.a. að ekki er gert ráð fyrir því að viðsemjandi kæranda leggi að öllu leyti fram persónulegt vinnuframlag sitt við verkið. Þegar þessi atriði eru virt í heild þykir ekki verða staðhæft að leggja beri annan skilning í hinn fyrirhugaða samning aðila en þeir sjálfir gera. Sam-

kvæmt þessu er krafa kæranda tekin til greina.“

Nú er í gangi sérstakt átak í að samræma mat á starfssambandi í launagreiðanda-skrám skattstofanna og virðisaukaskatts-skrám þeirra með tilliti til þess hvort einstaklingar sem óska eftir skráningu teljist verktakar eða launþegar. Er þessi úrlausn yskn. áhugavert innlegg í það verkefni.

b) Mat á jöfnunarverðmæti:

Ríkisskattstjóri vísaði frá beiðni ótilgreinds hóps hluthafa í hlutafélagi nokkru um bindandi álit varðandi jöfnunarverðmæti. Yskn. tók kærur til úrlausnar og var það niðurstaða hennar að slík frávisun ríkisskattstjóra væri ekki kæránleg til yfirs kattanefndar.

Það er athyglisvert að hlutafélagið kærði á sínum tíma frávisun ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytis sem æðra stjórnvalds. Það ráðuneyti leit hinsvegar svo á að frávisunina skyldi bera undir yfirs kattanefnd. Það er því næsta víst að ekki eru réttarfarreglur laganna um bindandi álit litnar sömu augum hvarvetna innan stjórnsýslunnar.

c) Skattskylda samtaka.

Samtök nokkur á vettvangi viðskipta fengu það bindandi álit ríkisskattstjóra að þau teldust vera sjálfstæður skattaðili. Samtökin kærðu þetta álit til yskn. Nefndin ómerkti niðurstöðu ríkisskattstjóra en í úrskurði hennar segir:

„Með úrskurði þessum er engin efnisleg afstaða tekin til málsins“

Staða álitsefndar er því á þessu augnabliki sú að enn liggur ekki fyrir bindandi álit um málefni hans, skattaðild eða skattskyldur sem af henni leiða.

Steindór Haraldsson tók saman.

International Accounting Standards 2000

Nú er komin ný og endurbætt útgáfa af International Accounting Standards 2000.

Meðal efnis er:

- Introduction;
- IASC Constitution
- Preface to Statements of International Accounting Standards;
- Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements;
- International Accounting Standards;
- Standing Interpretations Committee (SIC) – Interpretations of international Accounting Standards;
- Glossary of Terms;
- History of International Accounting Standards;
- Index.

Staðlarnir eru til sölu á skrifstofu FLE. Verð kr. 7.458,- m/vsk.

Þeir sem hafa áhuga á að fá þessa nýjustu útgáfu er vinsamlegast beðnir að nálgast eintakið hér.

Skrifstofa FLE

Fráteknar dagsetningar

Hádegisverðarfundur, Grand Hótel Reykjavík miðvikudagur

6. september 2000 kl. 12.

Hádegisverðarfundur, Grand Hótel Reykjavík miðvikudagur

4. október 2000 kl. 12.

Hádegisverðarfundur, Grand Hótel Reykjavík miðvikudagur

1. nóvember 2000 kl. 12.

Haustráðstefna, aðalfundur og úrshóf FLE, Hótel-Lofleiðir,

10. og 11. nóvember 2000.



Nú haustar að

Ritnefnd FLE sendir félagsmönnum bestu kveðjur og vonar að allir hafi átt gott og gleðilegt sumarfrí í faðmi fjölskyldu og vina. Enn er von fyrir golfara að ná óskaskori.

Ritnefnd FLE minnir á að efni í blaðið er vel þegið.

Ritnefnd FLE.



Til hamingju með afmælið!

75 ára þann 20.06.2000
75 ára þann 08.11.2000

Þorkell Skúlason
Gunnar R. Magnússon

Endursk. Þorkels Skúlasonar
GRM endurskoðun

70 ára þann 23.06.2000

Guðjón Eyjólfsson

Kaupþing

65 ára þann 29.10.2000
65 ára þann 18.12.2000

Sigurður Tómasson
Sveinn Jónsson

Deloitte & Touche
KPMG endurskoðun

60 ára þann 18.08.2000
60 ára þann 13.10.2000
60 ára þann 10.11.2000

Sverrir Ingólfsson
Þráinn Sigurjónsson
Birgir Ólafsson

Moore Stephens endurskoðun
Landsvirkjun
Endursk. Skil

55 ára þann 12.06.2000
55 ára þann 19.08.2000
55 ára þann 24.09.2000
55 ára þann 13.12.2000

Þorvaldur Þorvaldsson
Garðar Valdimarsson
Reynir Gylfi Kristjánsson
Guðmundur M. Magnason

Endursk. og reikningshald
Skattar og ráðgjöf
Ríkisendurskoðun
Calgary, Alberta, Canada

50 ára þann 27.09.2000
50 ára þann 21.12.2000

Björn St. Haraldsson
Jón Þ. Hilmarsson

PricewaterhouseCoopers, Húsavík
Hvassaleiti 48

40 ára þann 04.06.2000
40 ára þann 21.09.2000
40 ára þann 19.12.2000

Ingólfur Hauksson
Anna Þórðardóttir
Kristján Eggert Jónasson

KPMG, Akureyri
KPMG, Reykjavík
KPMG, Sauðárkrúkur

30 ára þann 20.06.2000
30 ára þann 15.10.2000
30 ára þann 21.11.2000

Heimir Þorsteinsson
Magnús Kr. Ingason
Sif Einarsdóttir

Deloitte & Touche, Danmörk
Flugleiðir
Deloitte & Touche



Nýir félagar árið 2000

Í ársbyrjun luku tíu einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur.

FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Ágúst Heimir Ólafsson
Deloitte & Touche hf.



Guðjón Jóhannesson
Búnaðarbanki Íslands hf.



Gunnlaugur Kristinsson
PricewaterhouseCoopers ehf.



Hafsteinn Gunnarsson
Deloitte & Touche hf.



Jón Arnar Baldurs
PricewaterhouseCoopers ehf.



Kristjana Ólöf Sigurðardóttir
Deloitte & Touche hf.



Margrét H. Nikulásdóttir
KPMG endurskoðun hf.



Ólafur Már Ólafsson
KPMG endurskoðun hf.



Ólafur Þór Jóhannesson
PricewaterhouseCoopers ehf.



Sigríður Ármannsdóttir
KPMG endurskoðun hf.

www.

oddisi

www.oddisi

